



einsog Jesús

BETA

ég trúi Guði í
trúnni minni **09**

?

vissir þú að...

hér er sumt af því sem fræga fólkíð í gegnum aldirnar hefur sagt um trú:

Ef þú trúir því sem þér líkar í fagnaðarerindinu og hafnar því sem þér líkar ekki, trúir þú ekki á fagnaðarerindið heldur á sjálfa(n) þig.
St. Ágústínus frá Hippó (354-430)

Maðurinn kys að trúa því sem hann kys að sé sannleikurinn.
Francis Bacon (1813-1855)

Það er svo erfitt að trúa, því það er svo erfitt að hlýða.
Søren Kierkegaard (1813-1855)

Maður sem trúir verður ekki einungis að vera tilbúinn að verða píslavottur heldur líka tilbúin að vera álitinn heimskur.
G. K. Chesterton (1874-1936)

Ekki óttast það að taka stórt skref ef þér er sagt að gera það. Þú getur ekki farið yfir gjá með tveimur litlum stökkvum.
David Lloyd George (1863-1945)

Trú og hugsun eiga saman, það er útilokað að trúa án þess að hugsa.
John R. W. Stott (1921-)




photo: sqstefiens 83



sögulegar staðreyndir

1. Hvernig skilgreinir höfundur Hebreabréfsins trúna? (vers 1, 2)

2. Hver er grundvöllur trúar okkar á að Guð hafi skapað heiminn og allt sem í honum er? (vers 3)

3. Hvaða tvo hluti verðum við að gera til að fá umbunina sem Guð býður okkur? (vers 6)

4. Lestu frá vers 7 til enda kafans. Hvað segir vers 39 um trú?

Þessi saga er sögð af skipstjóra skips sem George Muller frá Bristol ferðaðist með. En George fékk meira en 1.000.000 ensk pund frá Drottni án þess að auglýsa eftir því, hann fékk hvern einasta skilding sem bænasvar. „George Muller var um borð hjá okkur,“ sagði skipstjórinn. „Ég var búinn að vera á brúnni í tuttugu og fjóra tíma samfleytt þegar hann kom til mín og sagði, „Skipstjóri, ég kom til að segja þér að ég verð að vera komin til Quebec síðdegis á laugardag.“ „Það er ómögulegt,“ sagði ég „Jæja, allt í lagi, ef skipið þitt getur ekki komið mér þangað þá finnur Guð aðra leið. Ég hef ekki þurft að aflýsa stefnumóti

í fimmtíu og sjö ár, við skulum fara niður í herbergi og biðja.“ „Ég horfði á þennan guðsmann og hugsaði með sjálfum mér, „Frá hvaða geðveikrahæli kom þessi maður eiginlega, ég hef aldrei lent í öðru eins!“ „Hr.Muller,“ sagði ég, „veistu hversu þétt þessi þoka er?“ „Nei,“ svaraði hann, „ég horfi ekki á hversu þétt þokan er heldur á hinn lifandi Guð sem stjórnar öllum aðstæðum sem ég lenti í.“ Hann kraup og bað mjög einfalda bæn. Þegar hann hafði lokið við hana ætlaði ég að biðja en hann lagði hönd sína á öxl mína og sagði mér að biðja ekki. „Þar sem þú trúir ekki því að Hann muni svara og þar sem ég trúi

því að Hann hafi svarað er enginn þörf á því að þú biðjir.“ „Ég horfði á hann og hann sagði, „Skipstjóri, ég hef þekkt Drottinn minn í fimmtíu og sjö ár og það hefur ekki liðið sá dagur að ég hafi ekki fengið áheyrn hjá Konunginum. Stattu upp skipstjóri og opnaðu dyrnar og þú munt sjá að þokan er farin.“ „Ég stóð upp og þokan var vissulega farin og síðla laugardags komst George Muller á stefnumótið sem hann hafði ætlað sér.“

Tekið úr „Sunday School Times“ Tan, P. L. (1996, c1979). „Encyclopedia of 7700 illustrations“



hugsum málið

1. Hvað fannst þér mikilvægast varðandi trú í Hebreabréfinu 11?

2. Hvöð myndir þú segja við einhvern sem segði að lifa samkvæmt trú væri kjánalegt—að það væri það sama og að stökkva út í myrkrið.



venjur til að endurspegla huga Jesú ~ af hverju ég trúí því sem ég trúí

af hverju trúí ég því?!

Hefurðu einhvern tíma velt því fyrir þér af hverju þú trúir því sem þú trúir? Er það vegna þess að það er eitthvað sem foreldrar þínir hafa kennt þér? Eða kennari þinn í skólanum? Eða bíómyndirnar? Veistu það?

Öft förum við í gegnum lífið án þess að velta því mikið fyrir okkur af hverju við trúum því sem við trúum. Við trúum vegna þess að, ja, bara vegna þess að við trúum! En ef einhver spyr okkur út í trú okkar og við höfum ekkert svar getur það verið mjög óhugnanlegt.

Pétur skrifar til kirknanna, „Verið ætíð reiðubúnir að svara hverjum manni sem krefst raka hjá yður fyrir voninni, sem í yður er.“ (1.Pét. 3:15) Pétur vildi að hinir trúðu í umsjá hans væru undirbúnir. „Af hverju trúir þú að Guð skapaði heiminn?“ Hann vildi að þeir vitnuðu á máttugan hátt um af hverju þeir tryðu því sem þeir trúðu, aðeins þá gætu þeir haft áhrif fyrir Guð. Á sama hátt undirbúum við okkur fyrir það að vitna fyrir öðrum með því að vita hverju við trúum sjálf og af hverju.

Við skulum sjá hvernig við getum gert þetta.

Í dagbókinni þinni

Eins og alltaf skaltu biðja þess að Heilagur andi

leiði huga þinn áður en þú byrjar að læra um andlega hluti. Svo skaltu búa til tvo dálka í dagbókinni þinni. Efst í vinstri dálkinum skaltu skrifa titilinn, „Það sem ég trúí“. Í þessum dálki skaltu gera lista yfir það sem að þú veist að þú trúir. Hann má innihalda hvað sem þú vilt, um lífið, tilgang þess, Guð eða sjálfan þig.

Efst í hægri dálkinum skaltu skrifa titilinn, „Af hverju ég trúí þessu“. Fyrir hvert atriði á listanum skaltu reyna að finna af hverju þú trúir því. Er það vegna þess að þú hefur alltaf trúað því og aldrei hugsað um það? Er það vegna þess að það er það sem Biblían segir og að það er satt?

Hér eru nokkrar uppástungur til þess að hjálpa þér að byrja:

1. uppruni jarðarinnar
2. Jesús
3. ástæðan fyrir þjáningunni í heiminum
4. endurkoma Jesús
5. ástæðan fyrir því að Guð elskar mig
6. tilgangur lífs míns og tilgangur alheimsins

Kannski hefur þú aldrei velt fyrir þér sumum af þessum hlutum en það er allt í lagi, nú hefurðu tækifæri til þess.

mikilvægasta spurningin

Hér er mikilvægasta spurningin: Fyrir allt sem þú

*Svo kemur þá trúin af
boðuninni, en boðunin
byggist á orði Krists.*

Páll, Rm. 10:17

hefur skrifað að þú trúir, geturðu séð hvar það hefur rætur sínar í orði Guðs? Er Biblíuvers sem gefur þér ástæðu til þess að trúa því? Fyrir allt sem þú trúir, sjáðu til þess að þú getir fundið stað í Biblíunni sem gefur þér sterkan grundvöll fyrir trú þinni. Þú getur skrifað þessi vers sem byggja upp trú þína í dagbókina þína.

Þetta er trú: Að vita og trúa því sem Guð hefur

sagt jafnvel þó að við skiljum ekki alltaf af hverju. Svo til þess að lifa lífi í trú, verðum við að vita hvað Guð hefur sagt.

Það er gott að hugsa reglulega um hvað þú trúir og af hverju. Því þegar þú sérð að trú þín hefur traustan grunn í orði Guðs gefur það þér frið, fullt traust og gleði.



yfirlit

Í „sögulegar staðreyndir“ byrjuðum við að líta á þýðingu og grundvöll trúarinnar. Við sáum að við trúum því sem Guð hefur sagt það, ekki vegna þess að við getum sannað það, því að það við getum kannski ekki alltaf sannað það sem Guð hefur sagt.

Í „hugsum málið“ fékkstu þá áskorun um að slást í hóp þess fólks sem hefur ákveðið að lifa í trú og treysta fullkomlega á það sem Guð hefur sagt við okkur í orði Hans.

Í „venjur til að endurspeglar huga Jesú“, þvinguðum við okkur sjálf til að kanna okkar eigin trú. Við verðum að tryggja að allt sem við trúum sé byggt á orði Guðs en ekki bara okkar eigin hugsunum og tilfinningum.



tími minn með Guði

1. Lestu Hebreabréfið 11:3. Af hverju heldur þú að okkur sé sagt að við skiljum að heimurinn hafi verið skapaður af Guði „fyrir trú“? Af hverju segir höfundur Hebreabréfsins ekki að við skiljum að Guð hafi skapað heiminn ú frá vísindalegum staðreyndum? Hvert heldur þú að sé sambandið milli trúar og staðreynda?
2. Lestu Hebreabréfið 11:6. Af hverju heldur þú að það sé ógerlegt að þóknast Guði án trúar? Af hverju vill Guð að þú trúir?
3. Lestu um Nóa í Hebreabréfinu 11:7. Hvernig var það mögulegt fyrir Nóa að smíða risastóran bát þegar enginn hafði séð rigningu áður? Hvernig átt þú að geta trúað Guði um himnaríki og aðra hluti sem þú hefur aldrei séð? (Þú getur lesið meira um Nóa í 1. Mósebók 5-9)
4. Lestu um Abraham í Hebreabréfinu 11:7-19. Hversu mikið gerði hann í trú? Hvað heldur þú að hafi gert það að verkum að Abraham gat lifað svona í trú? Hvernig getur þú lifað í trú líka? (Þú getur lesið meira um sögurnar um Abraham í 1. Mósebók 12-25)
5. Lestu um Móse í Hebreabréfinu 11:23-28. Hvernig gat Móse hafnað ríkidæmi valdamestu þjóðar í heiminum og samsamað sig hópi af þrælum? Hvernig átt þú eins og Móse að sjá „hinn ósýnilega“? (Þú getur lesið meira um þessar sögur af Móse í 2. Mósebók 2-15)
6. Lestu um margt mismunandi fólk Guðs í Hebreabréfinu 11:32-38. Hvað afrekuðu þau vegna trúar sinnar? Hvað getur trúin gert í þínu lífi í dag?



láttu ganga!

Hvern getur þú skorað á að prófa að sjá hvort að það sem þau trúa hafi traustan grunn í orði Guðs.



auka hjálp

1. Ævisaga George Mueller.
2. Patriarchs and Prophets, 7. kafli, The Flood; 11. kafli, The Call of Abraham; 13. kafli, The Test of Faith; 22. kafli, Moses, „Trúin á Guð og móttökurnar á honum“, í Vegurinn til Krists, og „Sigurinn“ í Þrá Aldanna, eftir Ellen White.